

Ár 2006, föstudaginn 22. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, tekið fyrir mál nr:

S-409/2006:

Ákærvaldið

(Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður)

gegn

Ívari Haukssyni

(Guðmundur Óli Björgvinsson hrl.)

og uppkveðinn svofelldur:

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 4. júlí var dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 30. nóvember sl. Málið var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 5. júní 2006 á hendur Ívari Haukssyni, kt. 000000-0000, Austurbergi 10, Reykjavík, „fyrir líkamsárásir með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 18. desember 2005, á dansgólfi veitingahússins Hvíta-húsið, Selfossi, slegið Þorstein Loga Einarsson, kt. 000000-0000, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut brot á nefbeini og miðnesi skakkt yfir til vinstri.

Ákærvaldið telur brot ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, sbr. 111. gr. laga nr. 82/1998 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu Þorsteins Loga, gerir Jón Sigfús Sigurjónsson hdl., kröfu um skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 700.000 auk vaxta og dráttvaxta skv. 8. og 9. gr. laga nr. 38, 2001 til greiðsludags. “

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af refsikröfunni, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Ákærði hafnar bótakröfunni. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Málsatvik:

Upphaf máls þessa er að ákærði fór ásamt félögum sínum á dansleik í Hvíta-húsið á Selfossi aðfaranótt 18. desember 2005. Sögðust þau hafa verið komin á staðinn um klukkan eitt um nóttina. Þegar þau voru komin inn hafi verið spenna í loftinu og út hafi breiðst slagsmál. Af færslum á debetkort Ívars má sjá greiðslu dags. þann 18. desember 2005 kl. 00:53:99 og hjá Baldri klukkan 00:58:99 þann sama dag.

Samkvæmt lögregluskýrslu sem Þorsteinn Logi Einarsson gaf hjá lögreglu 21. desember 2005 kom fram að hann hefði ásamt unnustu sinni verið að dansa í Hvíta-húsinu umrætt kvöld þegar hann hefði orðið var við átök milli einhverra manna og hefðu ryskingar verið á bak við hann. Skyndilega hefði einn mannanna slegið hann fyrirvaralaust í andlitið með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði. Hann hefði leitað læknis daginn eftir og hefði nef hans verið brotið. Hefði brot bæði á nefbeini og miðsnesi verið staðfest. Þorsteinn sagðist ekki hafa þekkt ákærða en unnusta hans hefði gert það. Fram fór myndbending þann 26. febrúar 2006 þar sem myndum af níu mönnum var raðað upp á einu blaði og bentu bæði kærandi og unnusta hans, Sæunn Þórólfsdóttir, á ákærða og staðfestu það með undirritun sinni. Þau munu þó ekki hafa farið samtímis í myndbendinguna.

Verða nú raktar skýrslur ákærða og vitna fyrir lögreglu og dómi.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann 15. febrúar 2006. Sagði ákærði að hann hefði ekki slegið nokkurn mann þetta kvöld. Hann hefði komið í Hvíta húsið umrætt kvöld með þremur félögum sínum en mundi ekki hvenær. Þar hefði verið talsvert heitt í kolunum og menn almennt í leiðinlegum „gír“ þarna inni. Sagði ákærði að þegar hann hefði verið búinn að vera inni á skemmtistaðnum í um það bil eina klukkustund hefði hann verið að ganga framhjá hópi manna sem voru að stympast við jaðar dansgólfsins eða út við borð sem voru þar og þá hefði ákærði fengið fast högg á nefið úr vinstri átt og ákærði nefbrotnað. Ákærði hefði þá verið leiddur af einhverjum inn í eldhús þar sem eldri maður og einhver kona, sennilega starsfólk, hefðu sinnt honum og þurrkað blóð framan úr honum. Sagði ákærði að honum hefði síðan verið vísað út úr húsinu um hliðardyr og hefðu þá félagar hans verið komnir út í bifreið þeirra. Þeir hefðu síðan ekið til Reykjavíkur en komið við í Hveragerði til að taka eldsneyti. Sagðist ákærði hafa verið klæddur í bláan bol og gallabuxur.

Ákærði kom fyrir dóminn. Neitaði hann hann að hafa slegið kæranda. Sagði ákærði að þau hefðu verið sex saman sem fóru á skemmtistaðinn og verið komin þangað um eittleytið um nóttina. Sagði ákærði að þegar hann kom inn á skemmtistaðinn í umrætt sinn þá hefði verið þar mikil þvaga, þau vinirnir hefðu ekki verið búin að vera inni í langan tíma þegar átök byrjuðu. Ákærði lýsti því svo að þegar hann kom inn á staðinn þá hafi verið bar og fatahengi á vinstri hönd borð og stólar á móti en dansgólfið á hægri hönd en hljóðmaður hefði verið í jaðri dansgólfsins. Sagði ákærði að hópur gesta „þvaga“ hefði verið á dansgólfinu á móts

við síðasta borðið en dansgólfið hefði náð að síðasta eða fremsta borðinu. Ákærði hefði verið að koma af barnum eða fatahenginu, hann mundi það ekki svo gjörla en hann mundi að hann hefði ekki lagt neitt frá sér áður en hann var sleginn. Ákærði sagði félagi sinn, Baldur, hafa slegið sig í andlitið, Baldur hefði í raun verið að detta aftur fyrir sig og slengt hendinni út frá sér og ákærði fengið handarbakið í andlitið. Ákærði neitar því að hann hafi lent í átökum í umrætt sinn eða slegið nokkurn mann.

Ákærði sagðist í raun ekki hafa komist að átökunum þegar hann var búinn að fá högg í andlitið og í framhaldi hefði hann farið inn í eldhús þar sem hann hefði fengið aðhlyningu. Ákærði sagðist hafa tárast mikið þegar hann fékk höggið og séð illa á eftir en vitnið Árný hefði fylgt sér inn í eldhús ásamt fleirum úr hópnum. Ákærði sagði að í framhaldi hefði félagi hans sótt hann inn í eldhús og þeir síðan farið til Reykjavíkur með viðkomu í Hveragerði en þar hefðu þau tekið eldsneyti. Ákærði sagði lögregluna hafa tekið ljósmynd af sér þegar skýrslan var tekin af honum en hann hefði þá óskað eftir því að myndin yrði borin undir starfsfólkið í eldhúsinu á skemmtistaðnum til að fá það staðfest að hann hefði komið þar inn.

Ákærði sagði það hafa verið félagi sína sem voru í átökum í þvögunni en hann hefði farið í þeim tilgangi að aðstoða þá. Ákærði sagði hljóðmanninn á skemmtistaðnum hafa verið staðsettan á hægri hönd við jaðar dansgólfsins, ákærði hefði þurft að ganga fram hjá hljóðmanninum til að komast að þvögunni. Ákærði sagðist hafa hitt vitnið Sæunni í eitt skipti áður en það hefði verið heima hjá kærasta vinkonu Sæunnar sem væri góður vinur ákærða en það hefði verið einhvern tímann á árinu 2005. Ákærði sagðist ekkert vita hver kærandi væri. Ákærði sagðist hafa verið í bláum bol og gallabuxum á dansleiknum. Ákærði neitaði því aðspurður að hann hefði sjálfur verið í einhverjum átökum í umrætt sinn. Ákærði sagði að lýsing hefði verið lítil á dansleiknum.

Vitnið Þorsteinn Logi Einarsson, kt. 000000-0000, Egilsstaðakoti gaf skýrslu hjá lögreglu þann 21. desember 2005 og sagðist hafa verið að skemmta sér í Hvíta húsinu umrætt kvöld ásamt unnustu sinni Sæunni Kolbrúnu. Þau hefðu verið á dansgólfinu þegar þau urðu vör við einhver átök milli einhverra manna og hefðu ryskingar verið á bak við vitnið. Skyndilega hefði einn mannanna sem stóð í átökunum á gólfinu snúið sér að vitninu og slegið það fyrirvaralaust í andlitið með klepptum hnefa, tvisvar sinnum. Annað höggið hefði lent í nefi vitnisins en hitt á höfðinu aftanverðu. Vitnið sagðist hafa borið hendur fyrir höfðu sér en síðan hefði það hlaupið á brott, inn á salerni þar sem það þreif blóð úr andlitinu á sér. Vitnið sagðist hafa séð manninn sem sló það, hann hefði verið ljóshærður, mjög stuttkliptur, rúmlega meðalhár og klæddur bláum bol. Vitnið sagðist hafa verið „aðeins í glasi“ þegar atvikið átti sér stað en mundi málsatvik mjög vel.

Vitnið kom fyrir dóminn. Sagðist vitnið ekki hafa vitað áður en umræddur dansleikur átti sér stað, hver ákærði var en kærasta sín hefði þekkt hann í sjón. Kærandi sagði að hann hefði verið sleginn rétt um eittleytið um kvöldið. Hann hefði verið að dansa rétt við hljóðborðið og þá séð einhver læti fyrir aftan sig, einhverjum hefði verið hrint á vitnið og það þá snúið sér við til að athuga hvað væri að gerast. Sagði vitnið að einhver hefði haldið ákærða, þar sem annar maður hefði ætlað að „fara í hann“, vitnið hefði ætlað að ganga á milli en þá hefði ákærði losnað og stokkið á sig aftan frá. Vitnið sagðist hafa séð hönd koma aftan frá sem slegið hafi sig í nefið frá hægri hlið. Vitnið sagðist hafa dottið á fjórar fætur og ákærði

haldið áfram að berja sig, vitnið sagði að hann hefði allavega fengið eitt eða fleiri högg í hnakkann en það hefði verið aumt í hnakkanum. Sagði vitnið að kærasta sín hefði dregið sig upp og þá hefði það séð ákærða. Vitnið sagðist sjálfst ekki hafa verið í neinum átökum, það hefði hins vegar hugsanlega slegið eitthvað frá sér þegar það fékk höggið. Vitnið sagði að kærasta sín hefði staðið fyrir framan sig þegar þetta gerðist, hún hefði séð atburðinn greinilega. Í framhaldi hefði vitnið ásamt Sæunni farið beint inn á salerni og gæslumaður einnig komið og þrifið mesta blóðið af sér. Síðan hefði vitnið ásamt Sæunni farið út af staðnum. Vitnið sagðist hafa verið búð að drekka áfengi en það hefði ekki verið mikið. Vitnið sagðist vera hundrað prósent viss um hver það var sem sló það í andlitið í umrætt sinn. Sagðist vitnið hafa „stimplað“ andlitið í minni sitt, vitnið væri nokkuð glöggur maður. Vitnið fullyrti að það hefði séð ákærða svo greinilega á dansleiknum að það hefði ekki verið í neinum vafa þegar það fór í myndbendingu þann 26. febrúar 2006. Aðspurt af verjanda sagði vitnið að ákærði hefði staðið fyrir aftan sig þegar að hann fékk höggið, vitnið hefði séð höndina koma þvert yfir hægri öxlina og í nefið á sér. Sagðist vitnið hafa verið komið í gólfið þegar að það fékk höggið í hnakkann.

Sagði það að atburðurinn hefði verið um fjóra metra frá hljóðborðinu inni á dansgólfinu. Vitnið sagði aðspurt að ákærði hefði verið „yfir sér eða þannig hjá“ þegar það stóð upp, en sagðist ekki getað sagt hversu langt ákærði hefði verið frá sér. Vitnið sagðist bara hafa hugsað um það að koma sér í burtu. Vitnið sagðist hafa séð ákærða þegar það stóð upp en það hefði aldrei séð ákærða fyrr. Vitnið sagðist ekki hafa séð ákærða þegar hann sló það, það hefði séð ákærða standa yfir sér á eftir. Vitnið sagðist hafa séð ákærða þar sem því var haldið áður en það var slegið og séð hann standa svona hálfvegis yfir sér þegar vitnið reyndi að standa upp eftir að það hefði verið slegið og því hefði enginn annar getað komið til greina. Vitnið sagðist hafa brennt mynd mannsins í huga sér. Vitnið sagðist hafa þekkt ákærða í myndbendingunni sem sama mann og hefði slegið sig. Aðspurt um lýsinguna sem vitnið gaf hjá lögreglunni á ákærða, að hann hefði verið ljóshærður og meðalmaður á hæð, sagðist vitnið ekki geta sagt hvort ákærði hefði verið skolhærður eða ljósskolhærður en vitninu fannst að hann hefði ekki verið svarthærður. Vitnið sagði aðspurt að það hefði tárast og verið allt út í blóði eftir að það var slegið. Sagði vitnið að þrátt fyrir að það hafi tárast við höggið þá hefði það ekki skert sjónina neitt. Sagði vitnið að rökkur hefði verið á staðnum eins og gerist og gengur á dansstöðum. Vitninu var sýnd teikning af Hvíta-húsinu og merkti vitnið inn á teikninguna hvar það var staðsett á dansgólfinu þegar atvikið átti sér stað, sem var á móts við hljóðmanninn.

Vitnið Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir, 000000-0000, Egilsstaðakoti gaf skýrslu hjá lögreglu 4. janúar 2006. Sagði vitnið að þau kærandi hefðu verið á dansleik í Hvíta-húsinu umrætt kvöld og þá séð ákærða og þekkt hann sem dyravörð frá veitingahúsi í Reykjavík auk þess að ákærði þekkti kærasta vinkonu vitnisins. Sagði vitnið að þar sem hún og kærandi hefðu verið að dansa skammt frá hljóðmanninum á dansgólfinu þá hefði hún séð hrindingar á milli ákærða og stráks á gólfinu. Ákærði hefði síðan hrint fast á strákinn sem hefði kastast á kæranda sem sneri baki í þessar væringar. Í kjölfari virtist sem strákurinn og ákærði hefðu ætlað að rjúka saman en kærandi hefði snúið sér að stráknum en dyravörður hefði komið að og tekið ákærða upp að vegg en ákærði hefði rifið sig lausan og rokið að kæranda sem hafi verið óviðbúinn og rekið honum hnefahögg í andlitið og hefði vitnið séð að höggið hafnaði á nefi kæranda og hefði ákærði fylgt árásinni eftir með fleiri höggum í höfuð kæranda sem hefði fallið við. Þá hefði vitnið ýtt ákærða af

kæranda og leitt hann inn á salerni þar sem hún ásamt starfsmanni reyndu að gera að sárum kæranda en mikið blæddi úr nefi hans en það hefði skekkst verulega. Sagði vitnið að þegar að þau komu út af salerninu hefðu þau séð að ákærði var ásamt hópi pilta í vígahug frammi í sal og hafi virst vera að leita að einhverjum. Kærandi hefði þá hulið andlit sitt og þau komist út úr húsinu en vitnið hefði þá litið á klukkuna og séð að hún var um 02:00. Sagði vitnið að ákærði hefði verið meðalmaður á hæð, krúnurakaður, klæddur í bláan stuttermaboð með hvítum röndum, í gallabuxum og samsvaraði sér í vexti, nokkuð kraftalegur. Kæranda var sýnd afstöðumynd af danshúsinu og staðsetti ákærði sig fyrir framan hljóðmanninn.

Vitnið Sæunn kom fyrir dóminn. Sagði vitnið að það og kærandi væru kærustupar og hefði verið þegar atlagan að kæranda átti sér stað. Sagði vitnið að þau hefðu verið að skemmta sér í Hvíta-húsinu og hefðu verið að dansa nánast aftast á dansgólfinu. Allt í einu hefði einhverjum utan af dansgólfinu verið hrint á kæranda, þau hefðu bæði snúið sér við og þá séð að slagsmál voru í gangi, dyravörðurinn hefði verið einn, tekið ákærða og fært hann upp að veggnum, sem væri útveggur, en annar maður hefði verið að espa ákærða, kærandi hefði stokkið inn á milli til að róa strákinn niður. Þá hefði kærandi snúið baki í dyravörðinn og ákærða. Strákurinn og kærandi hefðu verið að tala saman og strákurinn síðan gengið í burtu en þá hefði ákærði stokkið í kæranda og slegið hann aftan frá og út á kinn og haldið áfram að berja kæranda eftir að hann var fallinn í gólfið. Vitnið sagðist hafa hrint ákærða af kæranda og rífið hann upp og þau farið beint inn á salerni og þrifið andlit kæranda. Að því loknu hefðu þau farið út af salerninu og þá hefði vitnið séð ákærða ásamt félögum sínum eins og ákærði hefði verið á leið inn á salernin, en ákærði hefði verið blóðugur. Vitnið sagðist hafa þekkt ákærða áður í sjón og verið viss um að það var ákærði sem sló kæranda.

Vitnið sagðist ekki hafa drukkið áfengi þetta kvöld. Vitnið sagðist ekki hafa séð hvað dyravörðurinn gerði eftir að ákærði sleit sig lausan frá honum en hann hefði ekki aðstoðað kæranda eða gripið inn í árásina. Vitnið sagði kæranda hafa verið mjög vankaðan eftir högginn sem hann fékk frá ákærða en það hefðu verið mörg högg, kærandi hefði verið með margar kúlur á hnakkanum eftir þetta. Vitnið sagðist hafa reynt að ýta ákærða af kæranda og ná honum undan ákærða en kærandi hefði haldið um höfuð sér þegar hún dró hann í burtu. Margt fólk hefði verið á dansgólfinu. Vitnið sagði að það hefði verið rökkvað inni en ekki alveg dimmt.

Vitnið sagði aðspurt að afstaða þess þegar kæranda var hrint hefði verið þannig að það hefði snúið hægri hlið að sviðinu og kærandi vinstri hlið, strákurinn sem hefði dottið á kæranda hefði komið utan af dansgólfi og kærandi þá snúið sér við þannig að hann hefði snúið baki að útveggnum. Þá hefði dyravörður tekið ákærða tökum og haldið honum upp við útvegginn. Sagði vitnið að það hefði þá snúið sér við og séð ákærða hægra megin við sig en kærandi verið á vinstri hlið en þó þannig að báðir hefðu verið fyrir framan vitnið. Ákærði og strákurinn hefðu verið meira miðsvæðis áður en það sá dyravörðinn taka ákærða.

Vitnið sagðist ekki hafa verið í neinum vafa um það hver ákærði var þegar það fór í myndbendinguna.

Vitnið Elís Kjartansson, 000000-0000, rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn. Vitnið sagði að þegar að myndbendingin fór fram þá hefði myndum af átta aðilum sem svipaði til ákærða verið komið fyrir á blaði ásamt mynd af hinum

grunaða. Verjandi ákærða hefði ekki verið viðstaddur myndbendinguna. Vitnið mundi ekki hvor þeirra, kærandi eða Sæunn, hefði komið á undan. Vitnið upplýsti að þrátt fyrir mikla leit, að beiðni ákærða, þá hefðu eldri kona og eldri maður, sem ákærði sagði að hefðu liðsinnt sér í eldhúsinu, ekki fundist eða gefið sig fram þrátt fyrir auglýsingu þar um. Sagði vitnið að enginn dyravörður hefði sagst hafa séð eða orðið vitni að atburði sem kærandi eða unnusta hans hefðu lýst í umrætt sinn en vitnið hefði rætt við dyraverði sem voru á staðnum ásamt því að hafa rætt við hljóðmanninn sem sagðist ekki hafa orðið vitni að átökum sem það gæti vottað um, það hefðu verið mikil slagsmál almennt þetta kvöld á staðnum.

Vitnið Íris Mist Arnardóttir nemi, kt. 000000-0000, Asparhvarfi 13, Kópavogi, kom fyrir dóminn. Sagðist vitnið hafa farið á umræddan dansleik og hitt strákana, þ.á.m. ákærða sem hefði komið á staðinn rétt á undan þeim. Sagði vitnið að þau hefðu öll verið að dansa í hóp á dansgólfinu þegar smá ýtingur hefði byrjað á gólfinu. Þá hefði vitnið og önnur vinkona hennar dregið sig út úr hópnum þar sem hún hefði ekki viljað dragast inn í átökin. Þegar vitnið var komið út úr hópnum stuttu síðar þá hefði vitnið séð ákærða blóðugan og frænka ákærða hefði farið með hann inn í eldhús og vitnið hefði farið þar á eftir inn í eldhúsið. Vitnið sagði að Atli, Baldur, og Stefán hefðu lent í átökum en þau hófust eftir að ákærði fór inn í eldhús blóðugur. Vitnið sagðist hafa séð ákærða í þvögunni áður en það dró sig út úr hópnum. Vitnið sagðist halda að þau hefðu farið af staðnum þrjátíu til fjörutíu mínútum eftir að þau komu þangað. Vitnið sagði að eftir að þau hefðu þrifið ákærða þá hefði það farið með ákærða beint út í bíl þar sem hann hefði beiðið á meðan hún sótti aðra félagar þeirra. Vitnið sagði að þau hefðu stansað um tíu mínútur inni í eldhúsinu og ákærði hefði þurft að bíða eftir þeim í um tíu mínútur áður en félagarnir komu út en þau hefðu þá farið til Reykjavíkur með viðkomu í Hveragerði. Vitnið sagði að þau hefðu verið aftarlega á dansgólfinu, nær útidyrarhurðinni, dansgólfið næði upp að borðum á staðnum og upp að barnum. Vitnið sagði að Atli, Baldur og Stefán hefðu verið að slást á dansgólfinu en hefði ekki vitað við hverja þeir voru að slást. Vitnið lýsti því svo að ákærði hefði verið í þvögunni og þegar vitnið dró sig út úr þvögunni hefði ákærði dregist út úr þvögunni líka og þá hefði hann verið orðinn blóðugur. Vitnið fullyrti að ákærði hefði verið að dansa í hópnum og verið við hlið vitnisins þegar ýtingur byrjaði í hópnum en þau í framhaldi dregist út úr þvögunni. Vitninu var sýnd grunnteikning af dansstaðnum og staðsetti vitnið sig á svipuðum stað og ákærði hafði gert á dansgólfinu en telur hljóðmanninn hafa verið staðsettan við útvegginn.

Vitnið Bragi Sverrisson, kt. 000000-0000, Furugrund 26, Selfossi, gaf símaskýrslu fyrir dómnum en vitnið rak skemmtistaðinn Hvíta-húsið á Selfossi. Vitnið rak minni til þess að maður hefði komið inn í eldhús á skemmtistaðnum á umræddum dansleik en einhver slagsmál voru búin að vera á staðnum. Sagði vitnið að sá maður sem kom í eldhúsið hefði verið þar í um tuttugu til þrjátíu mínútur en hann gæti hafa komið um tvö leytid en gat þó ekki tímasett það nákvæmar. Sagði vitnið að einhver flokkur stráka hefði komið á staðinn umrætt kvöld og verið með slagsmál og leiðindi og sá sem kom inn í eldhús hefði verið einn af þeim.

Niðurstaða.

Ákærði hefur á öllum stigum málsins neitað sök. Bar hann að einhverju eftir að hann kom inn á dansstaðinn þá hefði hann verið að koma frá fatahenginu en þar væri einnig bar, og þá séð slagsmál í jaðri dansgólfsins, gengið þar að en séð að það voru kunningjar hans, og ætlað að aðstoða þá. Hefði ákærði þurft að ganga fram hjá hljóðmanninum á staðnum sem hefði verið staðsettur í jaðri dansgólfsins á móti sviðinu til að komast að þvögunni. Þegar ákærði var kominn að þvögunni þá hefði hann allt í einu fengið högg í andlitið en komist að því síðar að það var einn kunningja hans sem var að detta afturá bak sem sló út hendinni sem hitti ákærða í andlitið. Ákærði hefði við höggið nefbrotnað og það hefði blætt mikið úr honum. Hann hefði í raun blindast við höggið en vinkona hans hefði leitt hann inn í eldhús staðarins til að fá aðstoð við að þrifa hann. Hann hefði ásamt félögum sínum í framhaldi farið af staðnum og þau keyrt til Reykjavíkur með viðkomu í Hveragerði til að taka eldsneyti en það hefði verið um hálf þrjú leytið um nóttina. Ákærði sýndi dóminum á teikningu hvar hann ásamt félögum hans voru staðsett á dansgólfinu á grunnteikningu af húsinu.

Vitnið Íris bar á svipaðan hátt og ákærði um aðkomuna að ýfingum og slagsmálum á milli félaga þeirra og annarra á dansgólfinu fyrir utan að hún staðfesti að ákærði hefði verið við hlið hennar í þvögunni þegar að ýfingarnar byrjuðu. Eins bar hún aðspurð að þau hefðu verið á svipuðum stað á dansgólfinu og ákærði gerði en á milli hljóðmanns og borða sem væru upp við vegg fyrir utan dregna línu á teikningunni af dansgólfinu. Bar hún að þau hefðu öll verið að dansa í einni þvögu og hefði ákærði verið meðal þeirra. Þegar hún dró sig út úr þvögunni hefði ákærði dregist til hennar líka en þá hefði ákærði verið blóðugur í framan.

Lýsing kæranda á atburðinum var sú að hann hefði verið að dansa fyrir framan hljóðmanninn. Ekki kom fram hjá kæranda hvernig hann stóð en samkvæmt vitnisburði Sæunnar, kærustu kæranda, stóðu þau þannig að hún sneri baki í útvegg sem inngangurinn er á og hefur þá horft inn í húsið, með hægri hlið að sviðinu en kærandi sneri andliti að útvegg. Sagði kærandi að einhverjum hefði verið hrint á sig aftanfrá. Hann hefði þá snúið sér við og gengið að strák sem hefði verið í ryskingum og hann ætlaði að hefði verið strákurinn sem datt á kæranda. Þá hefði kærandi allt í einu fengið högg í andlitið aftan frá svo að hann féll í gólfíð en ákærði haldið áfram að berja sig eftir að hann féll í gólfíð. Vitnið Sæunn hélt því fram að hún hefði fyrst snúið baki að útvegg en einhver hefði dottið aftan á kæranda utan af dansgólfinu. Kærandi hefði þá snúið sér við til að tala við þann sem hrint var á hann og þá hefði ákærði, sem þá var haldið af dyraverði upp við útvegginn, rífið sig lausan og stokkið á ákærða og slegið hann aftan frá. Ákærði hefði síðan haldið áfram að berja kæranda í höfuðið eftir að hann var fallinn í gólfíð. Vitnið hefði þá rokið í ákærða og hrint honum af kæranda og ýtt ákærða frá sér og af kæranda. Hún hefði hjálpað kæranda á fætur og farið með hann inn á salerni þar sem annar starfsmaður hefði aðstoðað þau við að þrifa blóðið af kæranda. Vitnið Sæunn sýndi dóminum hvað hún og kærandi voru staðsett á dansgólfinu á grunnteikningu af húsinu.

Vitnisburður ákærða hefur verið á sama veg frá upphafi utan að hann sagði nú fyrir dóminum hver það hefði verið sem sló hann á dansgólfinu. Það misræmi á milli frásagnar í lögregluskýrslu og fyrir dóminum skiptir ekki máli í máli þessu en ákærði sagðist ekki hafa vitað í upphafi hver það var sem sló hann. Vitnið Íris bar á svipaðan hátt og ákærði og staðfesti hvar þau voru staðsett á dansgólfinu þegar að

ákærði var sleginn í andlitið. Staðfesti vitnið að ákærði hefði verið með þeim í þvögunni að dansa þar til hann fór inn í eldhús til að fá aðstoð eftir að vera sleginn. Var vitnisburður Írisar staðfastur og skýr og í hennar huga enginn vafi á staðsetningu þeirra eftir að þau komu inn á skemmtistaðinn sem var þar sem borð upp við vegg á móti innganginum enduðu og dansgólfið tók við.

Frásögn ákærða af atburðinum er nokkuð á reiki. Óumdeilt er hins vegar að hann var sleginn og hlaut þau meiðsl sem fram koma í læknisvottorði. Kærandi sá aldrei þann sem sló hann og þrátt fyrir að hann fullyrði að hann hefði þekkt manninn eftir að hann var sleginn þá er það ótrúlegt með hliðsjón af því að hann nefbrotnaði við höggið og sagðist hafa tárast við það og vitnið Sæunn sagði hann hafa haldið um höfuðið þegar hún ýtti ákærða í burtu. Taldi kærandi að það kæmi ekki annar til greina því hann hefði séð ákærða og annan strák í átökum, hann hefði ætlað að ganga á milli og þá hefði hann allt í einu verið sleginn aftan frá. Öðrum hefði ekki verið til að dreifa.

Frásögn Sæunnar var skýr hvað varðaði að ákærði hefði verið sleginn. Frásögn hennar um staðsetningu ákærða þegar árásin átti sér stað er á allt annan hátt. Sæunn fullyrði að dyravörður hefði haldið ákærða upp við útvegg áður en ákærði sleit sig lausan og sló kæranda en það er á allt öðrum stað í húsinu en ákærði og vitnið Íris staðfesta að þau hafi verið á. Hins vegar ber tímasetningum ekki saman. Þegar ákærði á að hafa verið sleginn þá eru kærandi og Sæunn inn á salerni að þrifa kæranda sem samrýmist því að Sæunn sá ákærða blóðugan á leið í átt að salerni þegar kærandi og vitnið Sæunn komu út af salerninu. Var klukkan þá að verða tvö um nóttina. Samrýmist það frásögn vitnisins Birgis um að maður hefði komið inn í eldhús í kring um klukka tvö um nóttina.

Kærandi lýsti ákærða sem ljóshærðum og snöggklipptum hjá lögreglu en ákærði er dökkhærður eins og kemur fram á mynd af honum tekinni nokkrum dögum síðar. Kærandi gat ekki skýrt þetta misræmi hjá sér, taldi að ákærði væri allavega ekki skolhærður eða svarthærður. Kærandi fullyrði að hann hefði séð ákærða áður en hann forðaði sér af vettvangi en í skjóli þess að hann táraðist mikið og var nefbrotinn og óljós framburður hans um staðsetningu ákærða þegar að hann sá hann, ýmist yfir honum eða rétt hjá eða ekki langt frá, þá þykir dóminum það ekki trúverðugt. Auk þess þekkti kærandi ákærða ekki í sjón fyrir atvikið. Verður því ekki byggt á framburði kæranda.

Ákærði, Sæunn og kærandi hafa lýst því eftir það að ákærði hafi verið í bláum bol. Sæunn sagði í lögregluskýrslu að hún hefði litið á klukkuna þegar hún fór út af staðnum en klukkan hefði verið 02:00. Þá var hún nýbúin að mæta ákærða í blóðugum inni á skemmtistaðnum en það samrýmist framburði ákærða. Ekki hafa verið borið brigður á framburð ákærða um að hann hefði verið nefbrotinn eða sleginn í umrætt sinn. Í málinu liggur fyrir staðfesting frá banka um að aðgangseyrir var greiddur af hálfu ákærða inn á skemmtistaðinn rétt fyrir klukkan eitt um nóttina og að greitt var fyrir eldsneyti í Hveragerði umrædda nótt kl. 02:31:45. Ekkert hefur komið fram í málinu hvar ákærði var frá því að hann kom inn á skemmtistaðinn og þar til hann var sleginn en það hefur samkvæmt öllu framansögðu verið laust fyrir eða um klukkan tvö um nóttina. Þá var kærandi ásamt vitninu Sæunni sannanlega að fara út af staðnum. Ákærði sagði fyrir dómi að hann

hefði verið að koma frá fatahenginu eða barnum þar rétt áður en hann varð fyrir högginu sjálfur. Vitnið Íris var viss um að ákærði hefði áður en hann var sleginn verið að dansa með þeim félögum í þvögunni þegar að ýfingar hófust. Ákærði bar að félagar hans hefði verið að slást þegar að hann kom að þvögunni en hann hefði í raun aldrei komist að henni. Vitnið Íris kannaðist ekki við að ákærði hefði komið að þvögunni utanfrá þegar að hann fékk höggið því hann hefði verið blóðugur þegar að þau drógust út úr þvögunni. Því fær vitnisburður vitnisins Írisar ekki stoð í framburði ákærða eða öfugt. Sé litið til þess að ákærði tók eldsneyti um klukkan hálf þrjú um nóttina í Hveragerði þá stenst það aðrar tímasetningar eða að hann hafi verið sleginn rétt fyrir eða um klukkan tvö um nóttina. Ekkert liggur annað fyrir í málinu um hvað ákærði gerði fyrir þann tíma að hann kom gangandi að þvögunni.

Þá verður vikið að myndbendingunni.

Myndbending fór fram þann 26. febrúar 2006 hjá lögreglunni í Árnassýslu. Var það níu mönnum stillt upp en víxlað á þeim blöðum sem kærandi og unnusta hans, Sæunn, fengu. Fór sú myndbending fram rúmum tveimur mánuðum eftir að brotið átti sér stað. Á vettvangi sagðist vitnið Sæunn hafa séð ákærða slá kæranda en kærandi sá hann aldrei sjálfur áður en hann var sleginn og þekkti hann ekki í sjón heldur. Þó kemur fram í lögregluskýrslu kæranda að hann hafi séð manninn, hann hefði verið ljóshærður, mjög stuttklippur, og verið klæddur í bláan bol. Hjá lögreglu sagði Sæunn að ákærði hefði verið meðal maður á hæð og krúnurakaður. Þeir níu menn sem raðað var upp í myndbendingunni eru allir nokkuð vel hærðir miðað við ákærða sem er nánast krúnurakaður eða með „kiwi“ klippingu og sést vel að hann er dökkhærður. Einn aðilanna á myndinni svipar til ákærða en hann er með eins klippingu en sá er einnig með skegg og áberandi eyrnalokk í hægri eyra.

Í upplýsingaskýrslu lögreglunnar kemur fram að Sæunn hefði komið fyrst í myndbendinguna en Þorsteinn kom síðar þann sama dag og benti á ákærða. Hefur því verið auðvelt fyrir kæranda og unnustu hans að bera sig saman áður en kærandi fór í myndbendinguna þó svo að þau neiti því. Að þessu leyti er myndbendingin afar ótrúverðug og verður ekki byggt á henni við mat á sönnun í máli þessu. Auk þess rýrir það myndbendinguna að þremur dögum eftir árásina sagði kærandi ákærða vera ljóshærðan en ákærði er dökkhærður og kemur það vel fram á mynd af honum sem tekin var af lögreglunni. Enginn á myndbendingunni svipar til ákærða utan einn eins og að ofan greinir, aðrir eru ýmist mikið hærðir miðað við ákærða eða gjörólíkir í útliti. Verður því ekki byggt á myndbendingunni.

Mikið ósamræmi er í framburði ákærða og vitnisins Írisar og þykir hann ekki sýna fram á að ákærði hefði ekki getað lent í átökum áður en hann kom að „þvögunni“ en hann var þá samkvæmt eigin sögn að koma frá fatahenginu eða barnum þar við. Vitnið Sæunn var staðföst og trúverðug í framburði sínum og lýsti því hvernig ákærði kom aftan að kæranda og sló hann. Hafði vitnið ekki drukkið áfengi og horfði á atburðarrásina. Þó svo að ekki verði byggt á framburði kæranda þá er frásögn hans um upphafið að árásinni í samræmi við frásögn vitnisins Sæunnar.

Með hliðsjón af öllu ofansögðu verður að telja sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi veitt kæranda þá áverka sem lýst er í ákæru og

verður sakfelldur fyrir það brot. Hefur ákærði unnið sér til refsingar og telst refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í málinu liggur fyrir skaðabótakrafa Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns fyrir hönd kæranda að fjárhæð 700.000 krónur sem sundurliðast í töpuð vinnulaun vegna áverka og meiðsla 200.000.- og miskabætur 500.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta skv. 8. og 9. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags og vaxta á miskabætur samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993.

Engin gögn liggja frammi í málinu um töpuð vinnulaun og verður þeirri kröfu því vísað frá dómi. Í málinu liggur fyrir áverkavottorð Einars Ólafssonar sérfræðings í háls,-nef-og eyrnalækningum dags. 3. janúar 2006. Segir þar að vottorðið sé byggt á skoðun læknisins þann 19. desember 2005 og 28. desember 2005. Segir í vottorðinu:

„Fram kemur að aðfaranótt 18. desember síðastliðinn var Þorsteinn staddur í Hvíta-Húsinu, sem er skemmtistaður á Selfossi. Þar upphófust slagsmál og hugðist hann skakka leikinn, en var þá skyndilega ráðist á hann aftan frá og hann sleginn í andlitið. Hann fékk högg á nefið frá vinstri og miklar blóðnasir. Tók strax eftir að nefið var skakkt og reyndi að rétta það.

Hann kom síðar á stofu undirritaðs þ.19.12.2005 og þá staðfesti ég brot bæði á nefbeini og miðsnesi. Miðsnesið er skakkt yfir til vinstri. Auðveldlega gekk að rétta nefbeinin en miðsnesið gengur ekki að rétta nema að gera aðgerð og var ákveðið að fresta því. Hann hefur talsverða nefstíflu vinstra megin og nefbroddurinn aðeins skakkur yfir til hægri. Þetta þarf að rétta síðar með aðgerð.

Niðurstaða: Brot á nefbeinum sem búið að að rétta með aðgerð, en það er einnig brot á miðsnesi (septum nasi) sem þarf að rétta síðar með skurðaðgerð. Fram að því hefur hann væntanlega talsverða stíflu í vinstri nösinni.“

Kærandi segist í dag hafa óþægindi og fá oft blóðnasir auk þess að hann á eftir að fara í aðgerð. Árásin á kæranda var að öllu tilefnislaus og með henni gerðist ákærði af ásetningi sekur um grófa og ólögsmæta meingerð gegn friði og persónu kæranda, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt framansögðu hefur ákærði verið sakfelldur fyrir að hafa slegið kæranda á þeim stað og tíma og með þeim afleiðingum sem í ákæruskjali greinir. Ber ákærði skaðabótaábyrgð á því tjóni brotþola sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi. Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða vegna árásarinnar á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem ákvarðast að atvikum máls virtum og í samræmi við dómvenju 150.000 krónur. Samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála á brotþoli rétt til bóta vegna lögmannskostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu. Bætur til kæranda á grundvelli nefnds ákvæðis þykja hæfilega ákveðnar 20.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Ekki liggur fyrir í málinu að ákærða hafi verið kynnt bótakrafan fyrr en við þingfestingu málsins þann 4. júlí 2006. Miskabótakrafa kæranda ber því vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. desember 2005 til 4. ágúst 2006, en dráttarvexti skv. 9. gr. laganna, sbr. 1. mgr.

6. gr., frá þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins. Hann dæmist því til að greiða 15.000 krónur vegna öflunar áverkavottorðs.

Að auki verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Óla Björgvinssonar hdl., sem hæfilega teljast ákveðin 164.340 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og útlagðan ferðakostnað verjanda 16.440 krónur. Ákærði greiði því sakarkostnað samtals að fjárhæð 195.780 krónur.

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dóm þennan kveður upp Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð

Ákærði, Ívar Hauksson, sæti tveggja mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Þorsteini Loga Einarssyni 220.000 krónur ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 150.000 krónum frá 18. desember 2005 til 4. ágúst 2005, og dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna af 220.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 195.760 krónur í sakarkostnað.

Ástríður Grímsdóttir.